



Því næst gera nemendur rannsóknarspurningar. Rannsóknarspurningar eru opnar spurningar þar sem svörin eru ekki já eða nei heldur kalla þær á svar sem síðan er hægt að nota sem fyrsta uppkast í ritunarverkinu. Þegar nemendur hafa lokið við rannsóknarspurningarnar ræða þeir við kennarann um hvernig heppilegast er að flokka upplýsingarnar. Það má gera á marga vegu svo sem að nota áherslupenna með mismunandi litum, hafa hvern flokk á einu spjaldi eða útbúa sérstakt verkefnablað þar sem flokkarnir eru til staðar. Hjá dýrum gætu flokkarnir t.d. verið: útlit, heimkynni, fæða, afkvæmi og fleira.

## Uppkast, yfirllestur og birting

Þá er komið að fyrsta uppkasti. Nemendur skrifa og hér skiptir mestu máli að koma upplýsingunum sem þeir eru með niður á blað. Kennarinn þarf að minna nemendur á að nota sitt orðalag en taka ekki beint upp úr heimildum. Þegar nemendur telja sig hafa lokið við fyrst uppkast byrja þeir að lesa yfir. Kennarinn þarf að minna á að uppkast er vinnuþagg sem á að taka breytingum fram að birtingu. Þegar nemendur lesa yfir uppkastið hjá sér er gott að láta þá nota penna til að leiðrétta þannig að kennarinn sjái hvað það er sem nemandinn er að laga. Þá er líka gott að tveir nemendur lesi yfir hvor hjá öðrum og leiðrétti. Gott er að sá sem á verkið lesi upphátt. Þegar nemandinn telur að verk sé tilbúið til birtingar þarf hann að koma í viðtal til kennarans sem les yfir með nemandanum. Þegar kennarinn les yfir verkið má hann ekki gleyma nemandanum því þetta er verk hans og ef kennaranum finnst þurfa að laga eða breyta á hann að bera það undir nemandann. Þeir, nemandinn og kennarinn, þurfa í sameiningu að undirbúa verkið til birtinga. Kennarinn þarf að gæta þess að verða ekki eins og lifandi leiðréttingarvél. Þegar kemur að birtingu gæti kennarinn komið með nokkrar tillögur sem hann hengir upp á vegg í bekkjarstofunni en síðan þegar nemendur eru farnir að venjast því að birta verk sín ætti kennarinn að hvetja þá til að nota hugmyndaflugið og finna fleiri leiðir til að birta verkin sín.